



Inneignarkort á Gámasstöðinni Seyðishólum

Grímsnes- og Grafningshreppur afhendir öllum fasteignaeigendum sem greiða sorpeyðingargjald inneignarkort sem nota má á gámasvæðinu á Seyðishólum.

Inneignin á kortinu árið 2022 er:

-Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði eða lögbýli fá:	4,5 m ³ = 18 punkta
-Íbúðarhús og lögbýli fá:	10 m ³ = 40 punkta
-Fyrirtæki fá:	10 m ³ = 40 punkta

Kortið inniheldur punkta og er lágmarksnotkun á gámasvæði einn punktur sem samsvarar 0,25 m³. Starfsmaður á gámasvæði metur magn gjaldskylds úrgangs en miðað er við að 0,25 rúmmetrar sé ígildi eins svarts ruslapoka. Kortið er hugsað sem framtíðareign korthafa og mun inneignarstaða verða uppfærð hver áramót.

Eftirfarandi skilmálar gilda um kortin:

- Kortin afhendast öllum þeim fasteignaeigendum sem greiða sorpeyðingargjald.
- Sveitastjórn ákveður inneign (magn gjaldskylds úrgangs) hvert ár.
- Inneignir færast ekki milli ára.
- Inneign er uppfærð um áramót ár hvert.
- Glötuð kort skal tilkynna til skrifstofu sveitarfélagsins.
- Finnist kort skal koma því á skrifstofu sveitarfélagsins.
- Eitt kort er gefið út á hvert fasteignanúmer sem greiðir sorpeyðingargjald. Ef fasteign hefur fleiri en einn skráðan eiganda er ekki hægt að fá fleiri kort.
- Hægt er að fá nýtt kort ef kort glatast gegn 5.000 kr. gjaldi.
- Kort skal fylgja fasteign og afhendast nýjum eigendum við eigendaskipti.
- Ef kort eru sótt af þriðja aðila skal ritað umboð fylgja frá eiganda þegar kortið er sótt.

Skilmálar geta breyst eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Uppfærðir skilmálar verða birtir á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is.